

Til grunnskólakennara, skólastjórnenda og ráðgjafa í grunnskólum

Boðað er til

**vinnustofu mánudaginn 21. nóvember 2016 kl. 15-17
í Sjálandsskóla, Garðabæ**

um

fjölmenningu og grunnskólastarf

Fyrirkomulag vinnustofunnar:

Kaffi veitt í upphafi vinnustofu.

- Kl. 15 Opnun vinnustofunnar og kynning dagskrár.
- Kl. 15.05 Þrjú inngangserindi: Áskoranir fjölmenningar til grunnskólastarfs á Íslandi í dag.
- Kl. 15.45 Umræðuhópar.
- Kl. 16.45 Samantekt/umræður.
- Kl. 17 Vinnustofulok.

Vinnustofan er hugsuð sem upphaf að nýrri fræðslu og samræðu um þróun grunnskólastarfs á Íslandi á 21. öldinni er snýr að málefnum nýrra Íslendinga og annarra Íslendinga í hnattvæðingu samtímans þar sem hugtakið fjölmenningu er samheiti fyrir umræðuna. Fjölmenningarumræðan í grunnskólastarfi snýr að áhrifum hennar á daglegt skólastarf á alla nemendur og einnig þá sem koma nýir inn í íslenskt samfélag, læra íslensku sem annað tungumál og þurfa að aðlagast íslensku samfélagi. Á vinnustofunni miðla þrjár aðilar sjónarmiðum sínum um þær áskoranir sem grunnskólastarfið mætir í þessum nýju aðstæðum sem eru:

- Anna Katarzyna Wozniczka, fulltrúi Félags kvenna af erlendum uppruna.
- Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ.
- Snorri Freyr Vigfússon, fulltrúi ungmennaráðs Reykjavíkur

Í framhaldi erinda verður samræða á staðnum um þessar áskoranir og forgangsverkefni í grunnskólastarfi á næstu árum í ljósi fjölmenningar og aukinnar hnattvæðingar. Á vorönn 2017 er ráðgerð ráðstefna um sama viðfangsefni til dýpkunar á viðfangsefninu.

Aðgangur að vinnustofunni er ókeypis. Skráning fer fram í viðkomandi sveitarfélagi og HÍ eins og lýst er hér neðar í póstinum. Skráningarfrestur er til 14. nóvember 2016.

Lýsing á því hvernig skráning fer fram kemur hér áfram (hvert sveitarfélag semur)...

Samráðshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu og Menntavísindasvið HÍ í október 2016

Baldur Pálsson, baldur@seltjarnarnes.is
Guðný Helga Gunnarsdóttir, gudnyh@hi.is
Katrín Friðriksdóttir, katrinf@gardabaer.is
Magnea S. Ingimundardóttir, magnea@mos.is
Nanna Kristín Christensen, nanna.christiansen@reykjavik.is
Ragnheiður Hermannsdóttir, ragnheidur@kopavogur.is
Vigfús Hallgrímsson, vigfus@hafnarfjordur.is